

## Pakkir.

Pakka vildi jeg einlæglega  
árin þá vinsemr sem mjer var  
sýnd á sextugafmeli mínu. Það  
er mikilsvert, þegar líða fer á  
æfina og heita má að komið sje  
undir kvöld, að vita, að til eru  
þó góðir menn og konur, sem  
hugsa til vor með nokkurri vel-  
vild, og telja nokkurs virði það  
verk, sem unnið hefir verið, eða  
leitast við að vinna.

Gjöfina — mynd af Búlands-  
höfða —, sem tveir ágætir  
mein, dr. Guðm. Finnbogason  
og prof. Guðm. Bárðarson,  
færðu mjer frá Náttúrufræðis-  
fjelaginu, bótti mjer skemtilegt  
að fá; og sama er að segja um  
aðáanlegt málverk af Dímon í  
Pjórsárdal, eftir Eyjólf Eyfells,  
sem listamaðurinn sjálfur færði  
mjer. Hvortveggi myndin er  
af stað, sem greinir frá stórum  
merkilegum atburðum í jarð-  
sögu landsins. Eru þar sannl-

kallabir sýnistaðir, sem allir  
vildu sjeð hafa, þegar bekking  
í jarðfræði verður talin  
nauðsynleg til almennrar ment-  
unar, eins og jeg tel vist að  
verða muni sakir hinna marg-  
háttuðu þýðingar, sem slík  
bekking getur haft. Er og eft-  
irtektarvert, hve margir af  
þekkingar og listafrömuðum  
mannkynsins hafa haft áhuga á  
jarðfræði, eins og t.d. Leonardo  
da Vinci, Steno, Sweden-  
borg, Linne, Goethe, Eggert  
Ólafsson, Bjarni Pálsson, Sveinn  
Pálsson, Jonas Hallgrímsson,  
Þorsteinn Erlingsson, D.E. hafði  
miklar metur á merkilegri bók  
eftir noraka jarðfræðinginn dr.  
Andr. M. Hansen, og man jeg  
ekki betur en að hún yrði honum  
tilefni erindi, sem hann  
flutti í hinum ekta jafnaðar-  
mannafjelagi mjer í Reykjavík.

1. apríl.

Holgi Pjeturs.

Ms 3/5 7.32